

1996 nr. 151 27. desember**Lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands**

Tóku gildi 30. desember 1996. Breytt með 1. 22/1998 (tóku gildi 29. apríl 1998), 1. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998), 1. 34/2000 (tóku gildi 26. maí 2000), 1. 50/2002 (tóku gildi 6. maí 2002) og 1. 22/2005 (tóku gildi 25. maí 2005).

I. kafli. Fiskveiðar íslenskra skipa.

■ **1. gr.** Ákvæði þessa kaffa taka til veiða íslenskra skipa úr nytjastofnum utan lögsögu Íslands, sbr. lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Til veiða samkvæmt lögum þessum telst hvers konar nýting nytjastofna. Til nytjastofna í þessu sambandi teljast sjávardýr og sjávargróður sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð.

■ **2. gr.** Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.

■ **3. gr.** Ráðherra getur sett reglur um veiðar íslenskra skipa utan lögsögu sem nauðsynlegar eru til að fullnægja almennum skyldum Íslands til verndunar lifandi auðlindum hafsins eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

■ **4. gr.** Öllum íslenskum skipum eru heimilar veiðar utan lögsögu Íslands með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum og reglum settum með stoð í þeim.

□ Ráðherra skal með reglugerð binda veiðar íslenskra skipa á úthafinu sérstökum leyfum sé það nauðsynlegt vegna alþjóðlegra samningsskuldbindinga Íslands, til þess að fullnægja almennum ákvörðunum sem teknar eru með stoð í 3. gr., eða til að vernda hagsmunum Íslands að því er varðar fiskstofna sem um ræðir í 5. gr., og eru veiðar í þessum tilvikum óheimilar án slíkra leyfa. Skulu leyfin bundin þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru. Því aðeins er heimilt að veita skipum leyfi samkvæmt þessari grein að eigendur þeirra og útgerðir fullnægi þeim skilyrðum til að stunda veiðar í efnahagslögsögu Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og í lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands.

□ Ákvæði 2. mgr. gilda einnig um veiðar íslenskra skipa í lögsögu annarra ríkja úr þeim stofnum sem um ræðir í 5. gr.

□ Fiskveiðar íslenskra skipa innan lögsögu annarra ríkja eru ekki heimilar nema með leyfi þar til bærra yfirvalda.

□ Ráðherra getur sett sérstakar reglur um stjórn veiða íslenskra skipa í þeim tilvikum sem Ísland hefur nýtt rétt sinn til að mótmæla samþykktum um fiskveiðistjórn sem gerðar hafa verið á grundvelli samnings sem Ísland er aðili að, enda þótt ákvæði 1. málsl. 2. mgr. eigi ekki við. Getur hann í því skyni bundið veiðarnar sérstökum leyfum og eru þær þá óheimilar án slíkra leyfa. Binda má leyfin nauðsynlegum skilyrðum. Ákvæði 5. og 6. gr. gilda í þessum tilvikum eftir því sem við getur átt.

■ **5. gr.** Um veiðar utan lögsögu Íslands úr stofnum, sem veiðast bæði innan og utan hennar, íslenskum deilistofnum, skulu gilda ákvæði laga um stjórn fiskveiða eftir því sem við getur átt, sbr. þó ákvæði þessarar greinar.

□ Sé tekin ákvörðun um að takmarka heildarafla úr slíkum stofni sem samfelld veiðireynsla er á skal aflahlutdeild einstakra skipa ákveðin á grundvelli veiðireynslu þeirra miðað við þrjú bestu veiðitímabil þeirra á undangengnum sex veiðitímabilum. Veiðireynsla telst samfelld samkvæmt lögum þessum hafi ársafni íslenskra skipa úr viðkomandi stofni a.m.k. þrisvar sinnum á undangengnum sex árum svarað til a.m.k. þriðjungs þess heildarafla sem er til ráðstöfunar af hálfu íslenskra stjórnvalda.

□ Hafi skip, sem reglulega hefur stundað veiðar úr stofni sem varanleg veiðireynsla er á, tafist frá veiðum í a.m.k. sex mánuði samfelld vegna meiri háttar tjóns eða bilana skal við ákvörðun aflahlutdeildar á grundvelli veiðireynslu skv. 2. mgr. reikna skipinu afla á því tímabili sem frátafarnar verða. Skal aflinn fyrir hvert heilt veiðitímabil talinn nema sama hlutfalli af heildarafla og nam meðaltalshlutfalli skipsins í heildarafla af viðkomandi tegund á þeim tveimur veiðitímabilum sem næst liggja því tímabili eða þeim tímabilum sem frátafarnar verða. Verði frátafarnar aðeins hluta veiðitímabils skal reikna aflareynsluna hlutfallslega að teknu tilliti til almennra aflabragða þann hluta veiðitímabils sem frátafarnar verða.

□ Ráðherra getur bundið úthlutun skv. 2. og 6. mgr. því skilyrði að skip afsali sér aflaheimildum innan lögsögu Íslands er nemi, reiknað í þorskígildum, allt að 15% af þeim aflaheimildum sem ákveðnar eru á grundvelli þeirra málsgreina. Þær útgerðir, sem ekki geta uppfyllt skilyrði þessarar málsgreinar, skulu sæta skerðingu á úthlutunum aflaheimildum samkvæmt þessari grein sem þessu nemur.

□ Þeim aflaheimildum, sem ekki er úthlutað samkvæmt framansögðu, skal ráðstafað með þeim hætti sem um ræðir í 6. mgr.

□ Sé ekki fyrir hendi samfelld veiðireynsla úr viðkomandi stofni skal ráðherra ákveða aflahlutdeild einstakra skipa. Skal hann við þá ákvörðun m.a. taka mið af fyrri veiðum skips. Einnig getur hann tekið mið af stærð skips, gerð þess eða búnaði og öðrum atriðum er máli skipta. Þá getur hann ráðstafað veiðiheimildum til skipa þeirra útgerða sem að undangenginni auglýsingu hafa lýst sig með skuldbindandi hætti reiðubúnar til þess að afsala af viðkomandi skipi mestum aflaheimildum, reiknað í þorskígildum, á tegundum sem heildarafla er takmarkaður af.

□ Þeim aflaheimildum, sem afsalað hefur verið á grundvelli 1. málsl. 4. mgr. eða á grundvelli 6. mgr., skal úthlutað til annarra skipa í hlutfalli við samanlagða aflahlutdeild sem þau hafa, í þorskígildum talið, á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laga um stjórn fiskveiða eða á grundvelli þessara laga.

□ Ráðherra er heimilt að veita íslenskum skipum, sem ekki hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni í íslenskri lögsögu skv. 1. mgr. 4. gr. laga um stjórn fiskveiða, leyfi til veiða úr þeim stofnum sem um ræðir í þessari grein utan lögsögunnar, enda uppfylli þau skilyrði lokamálsliðar 2. mgr. 4. gr. þessara laga. Þá skulu slík skip koma til greina við úthlutun aflahlutdeildar, enda hafi þau veiðireynslu úr viðkomandi stofni.

□ Ráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar, ákveðið að allt að 5% heildaraflans verði sérstaklega úthlutað til þeirra skipa sem hófu veiðar úr viðkomandi stofni.

■ **6. gr.** Sé ákveðinn heildarafla úr öðrum stofnum en þeim sem um ræðir í 5. gr., á grundvelli samnings sem Ísland er aðili að, skal ráðherra setja reglur um veiðar íslenskra skipa á þeim hluta heildaraflans sem kemur í hlut Íslands. Skulu þær reglur tryggja að aflinn verði innan umsaminna marka og getur ráðherra í því skyni skipt veiðiheimildum úr stofnum á hverju veiðitímabili milli einstakra íslenskra skipa.

□ Við skiptingu veiðiheimilda úr stofni sem samfelld veiðireynsla er á skulu veiðiheimildir einstakra skipa ákveðnar á grundvelli veiðireynslu skipanna miðað við bestu þrjú veiðitímabil þeirra á undangengnum sex veiðitímabilum.

□ Hafi skip, sem reglulega hefur stundað veiðar úr stofni sem varanleg veiðireynsla er á, tafist frá veiðum í a.m.k. sex mánuði samfelld vegna meiri háttar tjóns eða bilana skal

við ákvörðun aflahlutdeildar á grundvelli veiðireynslu skv. 2. mgr. reikna skipinu afla á því tímabili sem frátafirnar verða. Skal aflinn fyrir hvert heilt veiðitímabil talinn nema sama hlutfalli af heildarafla og nam meðaltalshlutfalli skipsins í heildarafla af viðkomandi tegund á þeim tveimur veiðitímabilum sem næst liggja því tímabili eða þeim tímabilum sem frátafirnar verða. Verði frátafirnar aðeins hluta veiðitímabils skal reikna aflareynsluna hlutfallslega að teknu tilliti til almennra aflabragða þann hluta veiðitímabils sem frátafirnar verða.

□ Ráðherra getur bundið úthlutun skv. 2. og 7. mgr. því skilyrði að skip afsali sér aflaheimildum innan lögsögu Íslands er nemi, reiknað í þorskígildum, allt að 7% af þeim aflaheimildum sem ákvæðnar eru á grundvelli þeirra málsgreina. Þær útgerðir, sem ekki geta uppfyllt skilyrði þessarar málsgreinar, skulu sæta skerðingu úthlutunum aflaheimildum samkvæmt þessari grein sem þessu nemur.

□ Þeim aflaheimildum, sem ekki er úthlutað samkvæmt framansögðu, skal ráðstafað með þeim hætti sem um ræðir í 7. mgr.

□ Ráðherra getur ákveðið einstökum skipum fasta hlutdeild í afla til lengri tíma en eins veiðitímabils þegar veiðiheimildum er úthlutað skv. 2. mgr. og getur hann þá ákveðið að ákvæði laga um stjórn fiskveiða varðandi framsal veiðiheimilda gildi eftir því sem við getur átt.

□ Sé ekki fyrir hendi samfelld veiðireynsla úr viðkomandi stofni skal ráðherra ákveða veiðiheimildir einstakra skipa. Skal hann við þá ákvörðun m.a. taka mið af fyrri veiðum skips. Einnig getur hann tekið mið af stærð skips, gerð þess eða búnaði og öðrum atriðum er máli skipta. Þá getur hann ráðstafað veiðiheimildum til skipa þeirra útgerða sem að undangenginni auglýsingu hafa lýst sig með skuldbindandi hætti reiðubúnaar til þess að afsala af viðkomandi skipi mestum aflaheimildum, reiknað til þorskígilda, í tegundum sem heildarafla er takmarkaður af.

□ Þeim aflaheimildum, sem afsalað hefur verið á grundvelli 1. másl. 4. mgr. eða á grundvelli 7. mgr., skal úthlutað til annarra skipa í hlutfalli við samanlagða aflahlutdeild sem þau hafa, í þorskígildum talið, á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laga um stjórn fiskveiða eða á grundvelli þessara laga.

□ Sé ekki ákveðinn heildarafla skv. 1. mgr., en gert ráð fyrir takmörkun veiða á úthafinu á annan hátt, skal ráðherra setja reglur sem nauðsynlegar eru til að tryggja að veiðar íslenskra skipa verði innan þeirra marka. Getur hann í því skyni m.a. sett reglur um fjölda skipa, fjölda veiðiferða og úthaldstíma einstakra skipa.

□ Ráðherra er einnig heimilt að setja reglur sem nauðsynlegar eru til að takmarka veiðar í öðrum tilvikum, sbr. 3. gr., og skal hann í þeim efnum leita álits Hafrannsóknastofnunarinnar.

□ Ráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar, ákveðið að allt að 5% heildaraflans verði sérstaklega úthlutað til þeirra skipa sem hófu veiðar úr viðkomandi stofni.

■ **7. gr.** Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um gerð og frágang veiðarfæra íslenskra skipa við veiðar utan lögsögu Íslands, þar á meðal um lágmarksmöskvastærð. Þá getur hann sett reglur um lokun veiðisvæða og aðrar þær aðgerðir sem nauðsynlegar kunna að vera til að tryggja verndun smáfisks og ábyrgjar veiðar. Ráðherra skal í þessum efnum byggja á samningum sem Ísland er aðili að. Jafnframt getur ráðherra tekið mið af þeim reglum sem gilda við veiðar í lögsögu Íslands, reglum sem gilda í lögsögu annarra ríkja sem liggur

að viðkomandi hafsvæði eða reglum sem settar hafa verið af viðkomandi svæðisstofnun.

■ **8. gr.** Eftirlitsmönnum Fiskistofu er heimilt að fara í eftirlitsferðir með íslenskum skipum við veiðar utan íslensku lögsögunnar. Um eftirlit með framkvæmd laga þessara gilda ákvæði laga um stjórn fiskveiða og laga um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum eftir því sem við á. Auk þess skal ráðherra með reglugerð gera íslenskum skipum að sæta því eftirliti sem kveðið er á um í samningum sem Ísland er aðili að. Þá getur ráðherra sett reglur um eftirlit á grundvelli 5. mgr. 4. gr.

□ . . . ¹⁾

□ Þá skulu íslensk skip er stunda veiðar utan lögsögu Íslands fullnægja öllum sömu ákvæðum um skil á aflakýrslum og gilda um veiðar innan lögsögunnar. Að auki skal ráðherra með reglugerð gera íslenskum skipum að fullnægja ákvæðum samninga sem Ísland er aðili að um tilkynningarskyldu og upplýsingagjöf til erlendra stjórnvalda eða alþjóðastofnana.

¹⁾ L. 34/2000, 9. gr.

■ **9. gr.** Íslensk lög og reglur settar samkvæmt þeim varðandi hreinlæti, búnað og innra eftirlit, sem og um meðferð og nýtingu afla, sem gilda um veiðar íslenskra skipa innan lögsögu Íslands, skulu jafnframt gilda um veiðar þeirra utan hennar. Ráðherra er þó heimilt að veita undanþágur varðandi aflanýtingu við veiðar utan lögsögunnar ef fjarlægð frá landi, lengd veiðiferða eða aðrar aðstæður gera slíkt nauðsynlegt.

II. kafli. Fiskveiðar erlendra skipa.

■ **10. gr.** . . . ¹⁾

¹⁾ L. 22/1998, 16. gr.

■ **11. gr.** Íslenskum stjórnvöldum er heimilt að gera aðrar þær ráðstafanir gagnvart erlendum skipum vegna veiða þeirra á úthafinu sem nauðsynlegar eru til að framfylgja samningum sem Ísland er aðili að.

III. kafli. Viðurlög.

■ **12. gr.** Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða viðurlögum skv. 13.–14. gr., hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau þar að auki varða . . . ¹⁾ fangelsi allt að sex árum.

□ Beita skal ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávaraflla við brot á lögum þessum eftir því sem við á.

¹⁾ L. 82/1998, 231. gr.

■ **13. gr.** Við brotum gegn 2. másl. 7. gr. laga þessara skal sekt ekki nema lægri fjárhæð en 600.000 kr. og ekki hærri fjárhæð en 6.000.000 kr. eftir eðli og umfangi brots.

□ Brot samkvæmt framansögðu skulu, auk refsingar, varða upptöku á þeim veiðarfærum skipsins sem notuð hafa verið við hinar ólögmætu veiðar, þar með töldum dragstrengjum, svo og afla þess, enda sé sennilegt að aflinn hafi fengist með ólögmætum hætti. Upptöku má framkvæma án tillits til þess hvort jafnframt er krafist refsingar.

□ Í stað þess að gera afla og veiðarfæri upptæk skv. 2. mgr. er heimilt að gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis afla og veiðarfæra samkvæmt mati dómkvaddra kunnáttumanna.

■ **14. gr.** [Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt lögum þessum eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum sem eigi skulu nema hærri fjárhæð en 4.000.000 kr. eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri

fjárhæð en 8.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.]¹⁾

□ Fiskistofa skal svipta lögaðila leyfi til veiða fyrir brot á þessum lögum eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum um umgengi um nytjastofna sjávar.

¹⁾ L. 22/2005, 4. gr.

■ **15. gr.** Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. má ákvarða lögaðila sekt þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirvarsmenn, starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga er í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Með sama skilorði má einnig gera lögaðila sekt ef fyrirvarsmenn eða starfsmenn hans, eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa, hafa gerst sekir um brot.

□ Tilraun og hlutdeild í brotum gegn lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

■ **16. gr.** Heimilt er að leggja löghald á skip sem fært er til hafnar vegna brota gegn lögum þessum. Sé það gert er dómara heimilt að láta það laust ef sett er bankatrygging eða önnur jafngild trygging, að hans mati, fyrir greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku skv. 3. mgr. 13. gr.

□ Til tryggingar greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku skal vera lögveð í skipinu.

□ Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.

□ Sektarfé samkvæmt lögum þessum, svo og andvirði upp-tæks afla og veiðarfæra, skal renna í Landhelgissjóð Íslands.

■ **17. gr.** Ólögleg veiðarfæri skulu gerð upptæk. Ólögleg eru þau veiðarfæri eða hluti veiðarfæra sem ekki eru í samræmi við þær reglur sem settar eru um veiðarfæri með stoð í lögum þessum.

IV. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **18. gr.** Hafi íslensk stjórnvöld á grundvelli milliríkja-sammings veitt heimild til þess að eftirlitsaðilar erlends ríkis fari til eftirlitsstarfa um borð í íslensk fiskiskip utan lögsögu Íslands skal ráðherra með reglugerð kveða nánar á um eftirlit þetta.

□ Í reglugerðinni skal m.a. kveða á um heimildir eftirlits-aðilanna til þess að rannsaka meint brot gegn veiðistjórnun-arreglum á viðkomandi hafsvæði og um réttarvernd þeirra í samræmi við viðkomandi samning. Einnig skal kveðið á um skyldur skipverja á íslenskum skipum m.a. til þess að ljá at-beina sinn við eftirlitið þegar uppganga fer fram.

■ **19. gr.** Ráðherra kveður nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.¹⁾

¹⁾ Rg. 471/1994 (um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands). Rg. 310/1995. Rg. 685/1996 (um úthlutun veiðiheimilda á Flamingjagrunni), sbr. 28/1997. Rg. 27/1997 (um úthlutun veiðiheimilda í úthafskarfa á Reykjaneshrygg). Rg. 24/1998 (um möskvamæla og framkvæmd möskvamælinga). Rg. 150/1998, sbr. 445/1999 (um mælingar á fiskilestum). Rg. 522/1998, sbr. 749/1999, 214/2000, 178/2001, 935/2001 og 105/2003 (um vigtun sjávaraflla). Rg. 303/1999 (um afladagbækur), sbr. 463/2004. Rg. 306/1999 (um úthlutun þorskaflahlutdeildar í Barentshafi). Rg. 307/1999 (um notkun seiddaskilju við rækjuveiðar á alþjóðlegu hafsvæði í Barentshafi). Rg. 447/1999 (um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC)), sbr. 67/2003 og 115/2003. Rg. 543/2002 (um möskva-stærðir og útbúnað varþna til veiða á botnfiski, rækju og humri).

■ **20. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. . . .

■ **Ákvæði til bráðabirgða. . . .**

■ [Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 5. gr. skal Fiskistofa úthluta einstökum skipum aflahlutdeild í norsk-íslenska síldarstofn-inum á grundvelli aflareynslu þeirra á árunum 1994–2001 að báðum árum meðtöldum. Hafi skip komið í stað skips sem áunnið hefur sér aflareynslu, sbr. b-lið 2. gr. laga nr. 38 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, skal það skip sem í staðinn kemur njóta þeirrar aflareynslu.]¹⁾

¹⁾ L. 50/2002, 1. gr.